

## Umbótaáætlun Hamraskóla

### Skólaárið 2023-2024

Umbótaáætlunin byggir á niðurstöðum úr könnunum og rýnihópaviðtölum við kennara.

Gæðaviðmið um skólastarf útgefin af Menntamálastofnun voru til hliðsjónar við gerð umbótaáætlunar.

Áhersluþættirnir sem unnið var með eru: Árangur náms og ábyrgð og þátttaka.

Áætlunin er unnin af stjórnendum og matsteymi Hamraskóla.

Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Ábyrgð og þátttaka	Gera skráð og opinbert verklag um hvernig sjónarmiða nemenda er aflað	Efla bekkjarfundi. Kennarar funda vikulega með sínum nemendum sínum. Kennarar ræða við sína nemendur hvernig skólasamfélag við viljum vera og hvernig jákvæð samskipti einkennast af virðingu og umburðarlyndi. Kennarar vinna með einkunnarorð skólans, góðvild, ábyrgð og tillitssemi.	Stjórnendur og Kennarar	Ágú. 23	Jún. 24	Stjórnendur ræða við kennara teymi um fyrirkomulag og árangur bekkjafunda.	Bekkarreglur í öllum stofum.
Ábyrgð og þátttaka		Efla miðstigsráð. Gera skjal þar sem skjalfest er hve oft bekkjarfundir eru haldnir og hve oft miðstigsráð fundar. Kynna niðurstöður miðstigsfunda á kennarafundum.	Stjórnendur og stigsstjóri	Nóv. 23	Jún. 24	Skráðar fundargerðir miðstigsráðs.	Fundagerðir. Opinbert verklag miðstigsfunda.

		Efla upplýsingagjöf frá miðstigsráði til allra nemanda.	Stjórnendur og stigsstjóri	Okt/nóv. 23	Jún. 24		Tafla á vegg og hugmyndakassi. Nemendur miðstigsráð fari í alla bekkir og kynni sig og segi frá upplýsingatöflu og hugmyndakassa.
<b>Ábyrgð og þátttaka</b>	Móta verklagsreglur fyrir miðstigsráð	Verklagsreglur og umræðupunktur fyrir miðstigsráð	Skólastjórnendur og stigsstjóri	Nóv. 23	Nóv. 23	Metið af innra teymi	Tilbúið skjal með hugmyndum að umræðupunktum og verklagsreglum miðstigsráðs
<b>Ábyrgð og þátttaka</b>	Skólareglur og verkferlar um hegðun og framkomu	Kynna verkferla sem til eru varðandi hegðun og framkomu - reglufylki	Skólastjórnendur	Nóv. 23	Nóv. 23	Metið af innra teymi	Reglur og verkferill sýnilegur í öllum stofum og allir kennarar upplýstir um verkferla.
<b>Áhersluþáttur</b>	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
<b>Árangur náms</b>	Fyrir liggur stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda	Skýrir verkferlar um eftirfylgni ef nemandi nær ekki hæfni. Gerðar áætlanir um áframhaldandi nám.	Stjórnendur, stoðþjónusta og kennarar	Nóv. 23	Jún. 24	Metið af innra teymi	Skýrir verkferlar um hvað skuli gera ef nemandi nær ekki hæfni.
<b>Árangur náms</b>	Kennarar rýna sameiginlega í niðurstöðu námsmats og gerðar eru áætlanir um nám og framfarir nemanda/nemendahópa út frá niðurstöðum	Reglulegir samstarfundir umsjónarkennara og stoðþjónustu	Umsjónakennarar og stoðþjónustan	Nóv. 23	Jún. 24	Stoðþjónusta og stjórnendur	Áætlanir fyrirbyggjandi fyrir nemendur og nemendahópa og henni framfylgt af umsjónarkennurum og stoðþjónustu.
	Aukin fjölbreytni í lestrarnámi nemenda	Eflum lestrarspretti og lestrarhvetjandi verkefni.	Umsjónarkennarar og stoðþjónustan	Nóv. 23	Jún. 24	Umsjónarkennarar og	Lestrarsprettur og lestrarhvetjandi verkefni framkvæmd á skólaárinu.

						stoðþjónustan	
<b>Árangur náms</b>	Skýra betur matskvarða og viðmið í skólanámskrá og starfsáætlun svo sameiginlegur skilningur sé hjá öllum kennurum.	Endurskoða námsmat og matskvarða í starfsáætlun, skólanámskrá.	Stjórnendur og kennarar	Nóv. 23	Jún. 24	Innra mats teymi	Námsmat og mats kvarðar sýnilegir í starfsáætlun og skólanámskrá sem allir kennarar fylgja eftir.
<b>Árangur náms</b>	Endurskoða metin hæfniviðmið	Yfirfara fyrirbyggjandi skipulag um hvað sé metið af hæfniviðmiðum.	Stjórnendur og kennarar	Nóv. 23	Jún. 24	Innra mats teymi	Skýrt skipulag og stefna um námsmat.



Dæmi:

Áhersluþáttur	Tækifæri til umbóta	Aðgerðir til umbóta	Ábyrgð	Hefst	Lokið	Hvernig metið/aðferðir?	Viðmið um árangur
Stjórnun	Fagleg forysta. Hvaða gögn sýna að efla þarf faglega forystu. (t.d. niðurstöður starfsmannakönnunar)	Hvaða leiðir á að fara til að ná að bæta starfið. t.d. þarf að efla tengsl við starfsmenn, upplýsingagjöf verði betri, fundir skipulagðir betur, verkferlar bættir ofl.	Hver ber ábyrgð á því að halda utan um þetta „verkefni“, boða fundi og leiða það. T.d. skólastjóri	Hvenær á að byrja með „verkefnið“ / umbóta þáttinn.	Hvenær á að taka stöðuna á því hvernig „verkefni“ nu miðar.	Hvaða leiðir á að nota til að meta aðgerðirnar. T.d. með auka starfsmannakönnun, með því að greina, búa til áætlun, yfirfara tékklista osfrv.	Hvaða árangri á að ná? Breytingar í starfsmannakönnun næsta ár, a.m.k. 20% hækkun. Allir starfsmenn hafi farið í starfsmannaviðtal, annað.
Skólaþróun	Gera heildstæða símenntunaráætlun þar sem fram koma ábyrgðaraðilar hvers þáttar og hvernig einstaklingar (allir starfsmenn) sækja sér símenntun.	Vinna við símenntunaráætlun. Hún verður kynnt og henni fylgt eftir þegar þeirri vinnu er lokið. Starfsmenn skrá símenntun sína markvisst frá og með áramótum 202x.	Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri	Okt 202x	Maí 202x	Símenntunaráætlun skal metin árlega og uppfærð sem hliðsjón af þarfagreiningu sem fyrir liggur eftir árleg starfsmannasamtöl og niðurstöður innra mat.	Símenntunaráætlun birt í starfsáætlun og skráning allra starfsmanna liggur fyrir
Verklagsreglur og áætlanir	Endurskoða skólareglur og gera þær sýnilegri í kennslurýmum.	Skólareglur verði sýnilegar og að nemendur komi að vinnu við þær	Stjórnendur	Jan 202x	Maí 202x	Metið af innramats teymi	Reglur í öllum stofum sýnilegar
Kennsluhættir og gæði kennslu	Auka áherslu á umræður nemenda, ígrundun og gagnrýna hugsun.	Að kennarar ígrundi kennslu sína og ræði saman á stigum og í árgöngum um hvernig unnt er að	Deildarstjórar hvers stigs.	Jan 202x	Jún 202x	Skólapúlsinn	85% nemenda eru meðvituð um gildi ígrundunar og gagnrýnnar hugsunar

---

		auka þennan þátt í námi barnanna.					
Námshættir og námsvitund	Gera nemendum betur grein fyrir markmiðum kennslustunda og náms í heild sinni	Að viðmið og leiðir liggja fyrir um hvernig á að efla þekkingu og vitund nemenda á markmiðum og tilgang náms hverju sinni	Skólastjóri og aðstoðarskólast.	Nóv 202x	Maí 202x	Könnun til nemenda til að mæla þennan þátt.	Að 95% nemenda séu meðvitaðir um markmið kennslustunda.

## Matsáætlun Hamraskóla

Hamraskóli ásamt skólum í Austurhverfi er þátttakandi í þróunarverkefni um innra mat. Sameiginleg áætlun liggur fyrir um þá þætti sem verða teknir fyrir í innra mati næstu árin en hver skóli útfærir og aðlagar áætlunina að starfseminni.

# Langtímaplan innra mats fyrir austur

<b>2022-2023</b> 2.2. Árangur náms  2.6. Ábyrgð og þátttaka 	<b>2025-2026</b> 2.4. Skiplag náms 1.3. Tengsl við foreldra og aðra í skólasamfélaginu
<b>2023-2024</b> 2.1. Inntak og námskrár 1.2. Faglegt samstarf og samræða	<b>2026-2027</b> 2.5 Námsvitund 1.6 Starfsmannastjórnun og verkaskipting 1.5. Vinnulag, verklagsreglur og áætlanir.
<b>2024-2025</b> 2.3. Gæði kennslu 1.4. Umbætur og innleiðing breytinga	<b>2027-2028</b> 1.1. Samvirki í stefnumótun 1.7. Leiðtogaþæfni stjórnenda og starfsfólks

Matsáætlun Hamraskóla fyrir skólaárið 2023-2024:

Tími	Matsþættir - verkefni	Úrvinnsla
Maí – september 2023	Árangur náms Ábyrgð og þátttaka.	Kennarar og matsteymi svara spurningum úr þáttunum <i>árangur náms og ábyrgð og þátttaka</i> .
September - október	Unnið úr niðurstöðum matsþátta. Þættir sem koma út á gulu eða rauðu er skoðaðir sérstaklega m.t.t. úrbóta.	Umbótaáætlun unnin út frá niðurstöðum. Setjum einnig góðar hugmyndir sem fram komu í spurningunum inn í umbótaáætlun, þó svo matsþáttur hafi komi vel út.
Nóvember – maí	Umbótum komið í framkvæmd.	Byrjað á þeim sem auðvelt er að vinna að en það sem tekur lengri tíma er sett í ferli.
janúar - nóvember	Niðurstöður úr viðhorfskönnun kynntar að vori og ákveðnir þættir skoðaðir sérstaklega.	Umbótum komið í ferli fyrir nóvember 2023. Ný könnun verður gerð í október og nýtt til samanburðar.

# Menntastefna Reykjavíkurborgar

Helstu áherslur Hamraskóla og nálgun á þáttum menntastefnu Reykjavíkurborgar.

## Félagsfærni og sjálfsefning.

Markvisst er unnið með ART- þjálfun í yngri bekkjum Hamraskóla en hún samanstendur af félagsfærniþjálfun þar sem nemendum eru kennd jákvæð samskipti, sjálfstjórnun þar sem nemendur læra að bregðast við árekstrum og þekkja hvað það er sem kveikir reiði, hvaða leiðir eru færar til að bregðast við og hvaða afleiðingar viðbrögð geta haft. Nemendur vinna einnig með klípusögur þar sem þeir þjálfast í að rökræða út frá klípusögum þar sem fyrir koma siðferðileg álitamál.

Nemendur sitja vikulega bekkjarfundi þar sem ýmis mál eru tekin fyrir og eru samskipti í skólasamfélaginu oftár en ekki í forgrunni.

Á miðstigi sitja 6-8 nemendur í miðstigsráði, 2-3 út hverjum árgangi. Miðstigsráðið fundar reglulega með stigstjóra sem heldur utan um ráðið. Að hausti fer miðstigsráðið í alla bekki og kynnir sig og hlutverk sitt. Á fundunum er fjallað um ýmislegt er við kemur skólastarfinu og nemendur hafa tækifæri til að koma hugmyndum og skoðunum sínum á framfæri. Haldnar eru fundagerði og þær birtar á sérstakri upplýsingatöflu miðstigsráðs. Þar er einnig hugmyndakassi fyrir alla nemendur. Miðstigsráð tekur hugmyndirnar til umfjöllunar á fundum.

Hamraskóli vinnur út frá hugmyndafræði leiðsagnarnáms og vaxandi hugarfars. Rík áhersla er lögð á að nemendur takist á við áskoranir, eflir þrautseigju og litið er á mistök sem námstækifæri. Nemendur þjálfast í að vinna saman sem námsfélagar. Lögð er áhersla á fjölbreytta og gagnkvæma endurgjöf þar sem nemendur færa rök fyrir máli sínu og eru æfðir í gagnrýnni hugsun og árangursríkri umræðu.

## Læsi.

Áhersla er lögð á læsi í víðasta skilningi þess orðs. Fyrir liggur áætlun varðandi læsi og lesskilning og ákveðið ferli fer í gang ef nemandi nær ekki viðmiðum. Skólinn hefur innleitt Pals í öllum árgöngum. Allir nemendur skólans eiga lestrarvini þar sem yngri og eldri nemendum er parað saman. Í skólanum er áhersla lögð á sjónrænt og myndrænt námsumhverfi og skipulag í kennslustofum. Í skólanum er áætlun um heimanám og er heimalestur í forgrunni samhliða lestrarkennslu í skóla. Við leggjum áherslu á að upplýsa foreldra um sumarlestur og mikilvægi þess að börn þeirra lesi allt árið um kring. Stuðst er við gögn frá Menntamálastofnun. Læsi tengist öllum námsgreinum út frá mismunandi áherslum s.s. menningarlæsi, miðlalæsi og fjölmiðlalæsi. Ýmis lestrarhvetjandi verkefni eru í gangi allan veturinn auk þess sem yndislestur er daglegur þáttur í skólastarfinu.

## Sköpun.

Ýmis skapandi vinna er unnin í Hamraskóla gegnum list- og verkgreinar, upplýsingatækni og í almennum kennslustundum. Söngur á sal er einu sinni í viku þar sem nemendur syngja saman en hver bekkur kemur fram reglulega og sýnir, þá leikrit, dans, stuttmyndir eða annað sem þeir hafa æft og samið.



## Heilbrigði

Hamraskóli er heilsueflandi skóli og tekur það hlutverk alvarlega. Nemendur eiga einungis að koma með hollt og gott nesti, og eingöngu vatn til drykkjar með. Í hádegi er ávallt boðið upp á salatbar með ávöxtum og grænmeti. Einnig er boðið upp á grænmetisrétt sem hliðarrétt. Skólinn tekur þátt í alls kyns uppákomum sem tengjast hreyfingu sem í boði er fyrir grunnskólaaldur s.s. Unicef hlaupi, ólympíuhlaupi, íþróttamótum ýmis konar og átakanu Göngum í skólann. Nemendur eru hvattir til að taka áskorunum, sýna þrautseigju og efla vaxandi hugarfar með það að markmiði að gera stöðugt betur og gefast ekki upp.

Allir fimm áhersluþættir menntastefnunnar skarast á svo margan hátt í skólastarfi. Leiðsagnarnám sem unnið er með alla daga í Hamraskóla og endurspeglast í áhersluþáttum menntastefnunnar.

## Símenntunar- og starfsþróunaráætlun Hamraskóla 2023-2025.

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunaráætlun. Áætlunin tekur mið af þörfum skólans og áherslum hverju sinni. Framboð símenntunar hvert ár getur í sumum tilfellum breytt áherslum þeim sem lagðar eru fram í áætlun. Því ekki er alltaf fyrirsjáanlegt hvaða námskeið eða endurmenntun er í boði og í sumum tilfellum eru áhugaverð námskeið sótt þó svo skólinn hafi ekki sett þau í forgang í símenntunaráætlun. Símenntun kennara má skipta í tvo meginþætti. Þættir sem eru nauðsynlegir fyrir skólann út frá áherslum og mannauði annars vegar og hins vegar þættir sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig.

### Helstu áhersluþættir og markmið Hamraskóla eru næstu 2 skólaár eru:

- Leiðsagnarnám – áframhaldandi fræðsla og innleiðing er lykilþáttur í símenntun kennara. Stjórnendur og leiðsagnarnámsteymi stendur fyrir fræðslu reglulega yfir veturinn. Ýmist eru kennarateymi eða stærri hópar á örnámskeiði í hverjum mánuði og stjórnendur fylgja því eftir með innliti í kennslustundir og spjalli við kennarateymi.
- Læsi, efla þekkingu kennara og innleiða ný mælitæki. K-Pals og Pals er nýtt hjá öllum árgöngum og tryggja þarf að nýir kennarar þekki aðferðina og geti unnið með hana.
- Stærðfræðidendurmenntun fyrir kennara á báðum skólastigum. Kennarar sækja tilfallandi námskeið sem í boði eru.
- Evolytes stærðfræðinámskeið- nýtt í sérkennslu, námskeið fyrir kennara.
- Útikennsla – Kennarar nýta fræðslu sem í boði er um útikennslu, skólinn er vel staðsettur m.t.t. útikennslu og rík áhersla er lögð á að kennarar nýti hana sem mest.
- Upplýsingatækni í skólastarfi og nýting á rafrænu efni, forritum og ýmsum búnaði en með þeim takmörkunum sem nú er varðandi upplýsingtækni og persónuverndarlög.
- ART- þjálfun- stefnt er að því að fjölga kennurum sem sækja Art námskeið þannig að yngstu árgangar fái allri ART þjálfun. 3 kennarar sóttu námskeið haustið 2023 og stefnt að því að fleiri fari næsta haust.
- Skyndihjálparnámskeið – upprifjun fyrir starfsmenn, fræðsla frá Rauða krossinum í janúar.
- Námskeið frá Brúarhúsum um líkamleg inngrip.
- Námskeið fyrir stuðningsfulltrúa, haldið í september um samskipti við börn með fjölbreyttan bakgrunn.
- Hamraskóli hefur gert samning um innleiðingu réttindaskóla Unicef. Uppfræða þarf starfsmenn og fylgja eftir innleiðingarferli.

### Form símenntunar.

Símenntun kennara fer bæði fram innan 102/150 tímanna skv. kjarasamningi kennara og getur ýmist verið fyrir utan starfstíma skóla, eða á starfsdögum eða síðdegis á hefðbundnum kennsludögum. Símenntun annars starfsfólks fer fyrst og fremst fram á starfstíma skóla.

### Símenntun getur farið fram á ýmsan máta:

- Endurmenntun getur verið í formi námskeiða fyrir alla kennara eða jafnvel alla starfsmenn
- Þátttaka í ráðstefnum og fræðslufundum.
- Jafningjafræðsla þar sem kennarar taka sig saman og miðla þekkingu sinni.
- Lestur fagbóka
- Framhaldnám kennara

### Þörf á símenntun.

Ár hvert metur skólastjóri þörf á símenntun í samráði við starfsmenn og út frá áherslum skólans. Skólastjóri fylgist með að símenntun sé sinnt og heldur utan um þá símenntun sem starfsmenn taka þátt í. Kennarar sjá sjálfir um að skrá þá símenntun sem þeir taka þátt í og skilar til skólastjóra.

Lögð er áhersla á ákveðna þætti símenntunar á hverju árið en starfsmenn geta komið með tillögur að símenntun eða námskeiðum til skólastjórnenda sem þeir telja að nýtist vel í skólastarfinu.

Símenntunarþörf er ekki ósvipuð ár eftir ár þar sem leitast er við að viðhalda ýmsum áhersluþáttum sem gefist hafa vel í skólastarfinu. Stöðugt er fylgst með framboði af námskeiðum og fræðslu sem nýtist í skólastarfinu og starfsfólk ýmist upplýst eða óskað eftir þátttöku, skólastarfi til hagsbóta, þó svo það sé ekki innan símenntunaráætlunar.